

# Dreifibréf BSRB

Nr. 2 - 1. árg.

Nóvember 2006

## Launamunur kynjanna - Ekkert breyst í 12 ár

Háskólinn á Bifröst hélt málþing föstudaginn 3. nóvember síðastliðinn um launajafnrétti og voru kynntar niðurstöður rannsóknar Capacent á kynbundnum launamun og launamyndun. Rannsóknin er liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál og er hér um að ræða endurtekningu á rannsókn sem gerð var árið 1994 en hún tekur til sömu fjögurra einkafyrirtækja og fjögurra opinberra fyrirtækja og í fyrri rannsókninni.

Samkvæmt rannsókninni hafa á síðustu 12 árum orðið allnokkrar breytingar á starfsumhverfi og starfsháttum í þeim átta fyrirtækjum og stofnunum sem tóku þátt í könnuninni. Þær felast meðal annars í styttri vinnutíma karla og kvenna í fullu starfi, fjölgun kvenna í fullu starfi og viðhorfi kvenna til starfs. Miðað við þessa þróun hefði mátt búast við að kynbundinn launamunur hefði minnkað á þessu 12 ára tímabili en í raun reyndist munurinn nánast sá sami. Ekki er annað að sjá að beita þurfi öðrum leiðum en gert hefur verið síðustu 12 árin til að ná fram launajafnrétti í þjóðfélaginu.

Óútskýrður munur á launum karla og kvenna hefur aðeins minnkað um 0,3% síðan 1994 og er núna 15,7%, þ.e. konur eru með 15,7% lægri laun en karlar. Með óútskýrðum launamun er átt við að borin eru saman laun karla og kvenna eftir að tekið hefur verið mið af starfsstétt, aldri, starfsaldri og vinnutíma. Munurinn er þó ekki hinn sama þegar litið er til einkafyrirtækjanna annars vegar og opinberu fyrirtækjanna hins vegar. Í einkafyrirtækjunum eru konur að jafnaði með 15,5% lægri laun en karlar en konur í opinberu fyrirtækjunum eru að jafnaði með 11,8% lægri laun en karlarnir. Þegar einka- og opinberu fyrirtækin eru tekin saman reynist munurinn eins og áður kom fram 15,7%. Ástæðan getur meðal annars verið fólgin í því að laun í einkafyrirtækjunum eru hærri en í þeim opinberu en í dag eru þau um 26% hærri. Munur á launum milli einkafyrirtækjanna og opinberra fyrirtækjanna hefur þó dregist saman frá árinu 1994 um 11%.

Hagrannsóknastofnun samtaka launafólks í almannáþjónustu (HASLA) lét gera starfskjarakönnun í október 2004 meðal opinberra starfsmanna og reyndist launamunur kynjanna þar vera 14,5%, þ.e. konur voru með 14,5% lægri laun en karlar (en karlar voru með 17% hærri laun en konur) þegar tekið hafði verið tillit til starfsstéttar, aldurs, menntunar og vinnutíma. Ef þessar niðurstöður eru bornar saman við launamun opinberu fyrirtækjanna sem kom fram í rannsókn Capacent (11,8%), má sjá að munurinn er 2,7%. Mismunurinn á þessum tveimur könnunum getur meðal annars falist í því að rannsókn Capacent er viðameiri heldur en rannsókn HASLA þar sem Capacent studdist við spurningalista, svokölluð djúpvíðtöl og tölfraðilega greiningu úr launaskrár fyrirtækjanna á meðan HASLA studdist einungis við spurningalista. Hins vegar voru upplýsingar hjá Capacent einvörðungu bundnar við 8 fyrirtæki eða stofnanir en HASLA notaði tilviljunarúrtök úr félagaskrár BHM, BSRB og KÍ.

Eitt skref var tekið í átt til aukins launajafnréttis nýverið þegar SFR – stéttarfélag í almannáþjónustu gerði samkomulag við ríkið í síðustu kjarasamningum um athugun á launamun kynjanna meðal félagsmanna SFR. Athugunin mun eiga sér stað inn á stofnununum sjálfum og munu samstarfsnefndir innan hvers stofnunar meta hvort kynbundinn launamunur er fyrir hendi. Vinnuhópur, skipaður þeim Hildigunni Ólafsdóttur hagfræðingi BSRB fyrir hönd SFR, Hrund Sveinsdóttur, sérfræðingi hjá fjármálaráðuneytinu og Kristjönu Stellu Blöndal, aðstoðarforstöðumanni félagsvísindastofnunar fyrir hönd Jafnréttisstofu, hefur útbúið leiðbeiningar sem nota á við þessa athugun. Vinnan er nú þegar hafin á stofnununum og forvitnilegt verður að sjá niðurstöðurnar.

## Gengi íslensku krónunnar

Í mars árið 2001 var sjálfstæði Seðlabanka Íslands aukið og tekið var upp verðbólguþolmið í stað sveigjanlegrar fastgengisstefnu. Í kjölfar þess byrjaði gengi íslensku krónunnar að sveiflast talsvert örar en áður þekktist.

Þegar sveigjanleg fastgengisstefna var við lýði var gengisvísitala íslensku krónunnar fest við ákveðið gildi, svokallað miðgengi opinberrar gengisvísitölu. Vikmörk frá miðgenginu voru ákvörðuð og gat vísitalan sveiflast innan vikmarkanna, ekki ólíkt þolmörkum verðbólguþolsins í dag. Í fyrstu voru vikmörkin 2,25% í hvora átt frá miðgengi en þau voru víkkuð út jafnt og þétt og voru við lok fastgengisstefnunnar 9% í báðar áttir frá miðgenginu. Undir lokin var svigrúmið því orðið verulegt. Með tilkomu verðbólguþols Seðlabankans árið 2001 var fallið frá sveigjanlegri fastgengisstefnu og gengið látið fljóta á markaði.

### Þróun gengisvísitölu íslensku krónunnar



Í dag ræðst gengi krónunnar nánast alfarið á gjaldeyrismarkaði. Seðlabanki Íslands getur þó haft áhrif á gengisstig með aðgerðum á borð við vaxtabreytingar og gjaldeyrisviðskipti en það er ekki meginviðfangsefni hans nú líkt og áður. Daglega skráir Seðlabankinn hins vegar opinbert viðmiðunargengi krónunnar gagnvart ýmsum erlendum myntum og um leið er skráð opinber gengisskráningarávísitala.

Eins og sjá má af ofangreindri mynd er ljóst að ýmsir þættir hafa áhrif á gengið og er mjög erfitt að spá fyrir um gengisbreytingar. Væntingar spila stóran þátt á gengismarkaði. Þannig valda t.a.m. fréttir af fyrirhuguðum stórframkvæmdum eða þá óvissa um ákveðna þætti efnahagslífsins töluverðum sveiflum í gengisvísitölunni. Það er þó vel þekkt staðreynd að ef verðmæti gjaldmiðla er látið ákvarðast með frjálsum hætti á gjaldeyrismarkaði hækkar það á uppsveiflutímum en lækkar að jafnaði þegar hægir á hjólum efnahagslífsins.

Á undanförunum misserum hafa erlendir aðilar komið í auknum mæli inn á íslenska gjaldeyrismarkaðinn. Ástæðan er hinn mikli vaxtamunur sem ríkir á milli innlendra og erlendra vaxta nú um stundir. Eftirspurn eftir krónum hefur aukist verulega í kjölfarið og gengi íslensku krónunnar því styrkst samhliða.

Oft og tíðum virðist gæta ruglings meðal fólks í umræðum um gengisvísitölu. Gengisvísitala íslensku krónunnar er ákvörðuð út frá myntum helstu viðskiptalanda Íslands. Hér er því um

að ræða myntkörfu þar sem myntir ríkjanna vega misþungt miðað við hlutdeild hvers lands í utanríkisviðskiptum við Ísland árið á undan.



### Gengisskráningargvog 2005

Byggð á viðskiptum 2004

Lönd	Mynt	Útflutningsvog	Innflutningsvog	Vog
Bandaríkin	USD	22,03	24,02	23,03
Bretland	GBP	14,66	9,55	12,10
Kanada	CAD	1,27	0,94	1,10
Danmörk	DKK	7,67	8,59	8,13
Noregur	NOK	5,02	7,05	6,04
Svíþjóð	SEK	2,11	5,64	3,87
Sviss	CHF	1,50	0,92	1,21
Evrusvæði	EUR	42,67	39,60	41,14
Japan	JPY	3,07	3,69	3,38
<b>Samtals:</b>		<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>

Þegar **gengisvísitala** íslensku krónunnar hækkar veikist **gengi** hennar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Með því er átt við að erlendir gjaldmiðlar verða dýrari og því þarf að greiða fleiri krónur fyrir t.d. einn dollara en áður. Þegar gengið veikist batnar samkeppnisstaða innlendra aðila og útflutningur eykst. Innflutningur minnkar hins vegar þar sem innfluttar vörur hækka í verði í krónum talið. Ef krónan styrkist hins vegar, þ.e. gengisvísitala íslensku krónunnar lækkar, gengur þróunin í gagnstæða átt og samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækja versnar en innflutningur verður ódýrari og því eftirsóknarverðari. Augljósasta dæmið um þetta er bifreiðainnflutningur, en þegar gengisvísitalan lækkaði líkt og gerðist í lok árs 2005 jókst innflutningur verulega.

### Gengisvísitala íslensku krónunnar

 <b>Hækkar</b>	 <b>Lækkar</b>
Gengi íslensku krónunnar veikist eða lækkar gagnvart öðrum gjaldmiðlum  Borga þarf fleiri krónur fyrir t.d. hvern dollara en áður  Samkeppnisstaða innlendra útflutningsfyrirtækja batnar  Innflutningur hækkar í verði	Gengi íslensku krónunnar styrkist eða hækkar gagnvart öðrum gjaldmiðlum  Borga þarf færri krónur fyrir t.d. hvern dollara en áður  Samkeppnisstaða innlendra útflutningsfyrirtækja versnar  Innflutningur lækkar í verði

### Þingi BSRB lokið

Nýafstaðið þing BSRB þótti takast með ágætum ekki síst þar sem "Pamela Anderson" mætti á svæðið! Á skrifstofu BSRB er nú unnið að frágangi ályktanna og útgáfu þingtíðinda. Flestar ályktanir þingsins er hægt að lesa á vef BSRB, en þingtíðindum verður dreift í pósti til þingfulltrúa síðar í mánuðinum.